

RESIDENCIAL
BAOBAB



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi : Benijófar

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 3

Byggingarár : 2025

Sundlaug : Já

Garður : Já

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði og garð

Bílastæði : Einkabílastæði á lóð

Fermetra stærð eignar : 102,40 m²

Stærð lóðar : 157,83 m²

Stærð þaksvala : 38,34 m²

Flugvöllur : 30

Strönd : 17

Borg : 4

Golf : 11

✓ Kjallari

✓ Verönd

✓ Þaksvalir

✓ Loftkæling

Þetta glæsilega hús er staðsett í bænum Benijófar á Costa Blanca ströndinni. Húsið er 102,40 m² nýtanlegir með 3 svefnherbergjum og 3 baðherbergjum, rúmlegt alrými með fullbúnu eldhúsi með gæða heimilistækjum, borðstofu og stofu en þaðan er útgengt í glæsilegan garð með sundlaug og sér bílastæði inn á lóð. Stór kjallari sem hægt er að innrétta sjálfur til dæmis í líkamsrækt, vínkjallara, sjónvarpsherbergi og einnig eru 38,34m² þaksvalir með fallegt útsýni!

Einstaklega vel staðsett eign þar sem öll nauðsynleg þjónusta er í göngufæri svo sem, veitingastaðir, bankar, apótek, heilsugæsla, barir og skóli og einnig mjög skemmtilegu lítill vatnsrennibrautargarður, sem gerir sem gerir þetta að fullkomnum stað til að finna nýtt heimili á Spáni hvort sem er til lengri eða skemmri tíma. Einnig er örstutt á glæsilega golfvöllinn La Marquesa, 18 holu golfvöll með allt til alls fyrir golfspilarann. Fyrir náttúruunnendur eru fjölmargar náttúruperlur allt í kring um bæinn og má þar meðal annars nefna Saltvötnin í Torrevieja og náttúruverndarsvæðið El Recorral þar sem vinsælt er að fara í lautarferð og fylgjast með iðandi fuglalífinu eða skella sér í göngutúr á þeim ótal gönguleiðum á svæðinu.

Innan við 10 mín akstur er svo að finna hina 11 kílómetra löngu gullnu strandlengju við Guardamar del Segura sem fengið hefur vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans, auk þess sem Torrevieja er stutt frá. Svo er einnig stutt í verslunarmiðstöðvarnar Habaneras og La Zenia og aðeins 30 mínútur frá flugvellið í Alicante. Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!